

Hlutverkasetur – Atvinnuleikhús áhugamanna:

12 stunda leiklistarnámskeið í ágúst 2011

Vinnuaðferðir og hugmyndafræði:

Námskeiðið fór fram miðvikudagana 10., 17. og 24. ágúst í leikhúsi Norðurpólsins á Seltjarnarnesi. Hugmyndin að baki Atvinnuleikhúsi áhugamanna var að þótt ekki sé greitt fyrir vinnu *leikaranna* yrði unnið í anda atvinnu- og fagmennsku. Í samræmi við það var unnið hverju sinni nær sleitulaust í fjórar stundir með stuttum hléum. Einnig voru æfingarnar byggðar á þjálfun í leiklist eins og um atvinnumennsku væri að ræða. Unnið var með upphitun og þjálfun líkama og raddar, stefnuæfingar, textaflutning og túlkun, spuna og sviðsetningu leikatriða.

Kennari á námskeiðinu var Trausti Ólafsson.

Þátttaka:

Alls skráðu 48 manns sig á námskeiðið. 32 mættu í fyrsta tímann, 22 í þann næsta og 19 í síðasta tímann. 18 manns mættu í alla tímana. Aldursdreifing var mjög mikil, frá fimmtán ára og upp að sjötugu. Skipting milli kynja var nokkuð jöfn.

Niðurstöður úr könnun sem gerð var í lok námskeiðs:

Könnuninni svöruðu alls 15 manns.

Spurt var fimm spurninga og voru fimm svarmöguleikar við hverri spurningu.

1. Var námskeiðið svipað því sem þú áttir von á?
Einn svaraði: Mjög ólíkt; fjórir: líkt; níu: vissi ekki við hverju mátti búast; einn: ólíkt og enginn valdi að krossa við möguleikann: mjög ólíkt.
2. Fannst þér námskeiðið erfitt?
Enginn svaraði: mjög erfitt; tveir: erfitt; átta: hvorki né; þrír: auðvelt; tveir: mjög auðvelt.
3. Fannst þér námskeiðið koma þér að gagni persónulega?

Sex svöruðu: mjög miklu; átta: miklu; einn: svolitlu; enginn valdi að krossa við möguleikana litlu og engu.

4. Fannst þér námskeiðið koma þér að gagni faglega?

Fjórir svöruðu: mjög miklu; sex: miklu; þrír: svolitlu; enginn: litlu og einn: engu. Einn bætti við möguleikanum: veit ekki.

5. Hefur þú áhuga á að sækja fleiri leiklistarnámskeið?

Níu svöruðu: mjög mikinn; fimm: mikinn; enginn: svolítinn; einn: lítinn og enginn valdi svarmöguleikann: engan.

Svarendum gafst færi á að bæta við einhverju frá eigin brjósti. Eftirfarandi athugasemdir voru gerðar:

1. Vel skipulagt og skemmtilegt.
2. Mjög skemmtilegt og frábært í alla staði.
3. Frábært, æðislegt námskeið.
4. Mjög gefandi.
5. Skemmtilegt, skemmtilegt og óformlegt námskeið og frjálst.
6. Kom mér skemmtilega á óvart og vona að mér gefist tækifæri til að halda áfram á þessari braut.
7. Frábær kennari og æfingar. Skemmtilegur hópur.
8. Hópspuninn var skemmtilegastur.

Ályktanir:

1. Af svörum við fyrstu spurningunum tveimur má ráða að flestir svarendur höfuðu óljósar hugmyndir um í hverju námskeiði myndi felast og samkvæmt svörum virðist vinnuálag og kröfur hafa verið í samræmi við getu hópsins. Það kemur í raun nokkuð á óvart þar sem krafist var agaðra vinnubragða og æfingarnar af sama tagi og atvinnumenn í leiklist stunda. Hér ber þó að hafa í huga að þeir fimmtán sem svara eru aðeins þriðjungur þeirra sem upphaflega skráðu sig á námskeiðið. Þriðjungs brottfall eftir fyrsta tímum bendir einnig til þess að æfingarnar hafi verið of erfiðar fyrir einhverja af þeim sem ekki mættu í annan og þriðja tíma. [Fimm manns boðuðu eðlileg forföll – ýmist í annan eða þriðja tíma.]
2. Svör við annarri og þriðju spurningu gefa afdráttarlaust til kynna að svarendur telja sig hafa haft gagn af þátttöku sinni, bæði persónulega og faglega.

3. Svör við fimmtu spurningu staðfesta að svarendur hafa áhuga á að sækja fleiri slík námskeið. Fjórtán af fimmtán segjast ýmist hafa mjög mikinn – níu manns – eða mikinn – fimm manns – áhuga á að læra meira í leiklist. Aðeins einn kveðst hafa lítinn áhuga á slíku.
4. Allar athugasemdir sem svarendur gera frá eigin brjósti eru jákvæðar.

27. ágúst 2011

Trausti Ólafsson